

Fimmtudaginn 2. nóvember 1995.

Nr. 46/1994.

**Guðmundur Bjarnason**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

**Landsbanka Íslands**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Veðskuldabréf. Skuldskeyting.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í hér-  
aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að áfrýjanda hafi ekki tekist að sanna, að stefndi hafi samþykkt, að Austri hf. kæmi í stað áfrýjanda sem skuldari samkvæmt veðskuldabréfi því, er um ræðir í málinu. Gögn, sem lögð voru fram af hálfu áfrýjanda við munnlegan málf lutning fyrir Hæstarétti, haggja ekki þeirri niðurstöðu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Bjarnason, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var 27. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 17. febrúar 1993, af Landsbanka Íslands gegn Guðmundi Bjarnasyni, Kambaseli 55, Reykjavík.

*Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 935.765,30 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá gjalddaga 28. mars 1991 af 1.377.310,30 kr. til 28. október 1992, en af 935.765,30 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um vaxtavöxtun á tólf mánaða fresti frá gjalddaga. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað.

*Málsástæður.*

Umstefnda skuld kveður stefnandi vera samkvæmt veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 1.300.000 kr., út gefnu 17. október 1990 af stefnda í Hafnarfirði til Landsbanka Íslands. Bréfið hafi verið með veði í Skúta-hrauni 7, Hafnarfirði, III. einingu, 37,5% húss, 4,9987% lóðar. Fasteign þessi hafi verið seld á nauðungaruppboði 5. nóvember 1992 og ekkert greiðst upp í kröfuna samkvæmt umstefndu skuldabréfi. Lán þetta hafi verið bundið lánskjaravísitölu, sem hafi verið 2934 stig við útgáfu bréfsins, og skyldi höfuðstóll skuldarinnar breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölnni. Í vexti af höfuðstól láns þessa skyldi greiða 7,75% ársvexti, sem séu breytilegir og hækka eða lækka í samræmi við vaxtaákvæðanir bankans á hverjum tíma. Samkvæmt ákvæðum í bréfinu sjálfu bar að greiða vexti eftir á á sama tíma og afborganir. Bréfið hafi átt að greiða með 16 afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. mars 1991. Frá upphafi hafi skuldabréfið verið í vanskilum og sé því allt fallið samkvæmt efni sínu.

Stefnandi rekur mál þetta samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 169. gr. sömu laga.

Á það er bent af hálfu stefnanda, að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og sé því krafa gerð um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með afsali, dags. 11. júní 1990, hafi hann selt hina veðsettu eign, Skútahraun 7 í Hafnarfirði. Kaupandi hafi verið Austri hf., Hraunbrún 42, Hafnarfirði. Með afsalinu hafi kaupandi m. a. tekið að sér umstefnt skuldabréf. Stefndi hafi í framhaldi af því farið í verðbréfadeild aðalbanka Landsbanka Íslands og tilkynnt starfsmanni þar um skuldskeytinguna og jafnframt afhent afrit af afsalinu og beðið um samþykki stefnanda á skuldskeytingunni. Hafi starfsmaður stefnanda tjáð stefnda, að skuldskeytingin væri samþykkt.

Stefnandi hafi sent Austra hf. tilkynningu um greiðsluskyldu samkvæmt skuldabréfinu vegna gjalddagans 28. mars 1993.

Stefnandi hafi ekki krafði stefnda um greiðslu samkvæmt skuldabréfinu fyrr en með stefnu, út gefinni 29. janúar 1993. Stefnandi hafi beint greiðsluáskorunum sínum að Austra hf. í samræmi við það, að Austri hf. hafi verið skráður greiðandi að skuldabréfinu hjá stefnanda og stefnandi fellt stefnda út sem greiðanda að bréfinu í skráum sínum.

Sýknukrafa stefnda er studd þeirri málsástæðu, að stefnandi hafi á sínum tíma samþykkt skuldskeytinguna og gengið frá henni formlega og hann sé af henni bundinn. Stefnandi hafi ekki heimild til að afturkalla þá ákvörðun sína einhliða og binda þannig stefnda á nýjan leik. Stefndi sé því ekki réttur aðili að máli þessu.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Mál þetta er rekið sem skuldabréfamál skv. 17. kafla laga nr. 91/1991. Reisir stefndi málsvörn sína á því, að málsókninni sé ranglega að sér beint, þar sem hann hafi verið leystur undan skuldbindingunni og nýr aðili tekið við öllum skyldum sem greiðandi skuldabréfsins.

Með undirritun sinni á umstefnt skuldabréf tókst stefndi á hendur persónulega skuldbindingu á greiðslu þess gagnvart kröfuhafa þess, Landsbanka Íslands. Til tryggingar greiðslu skuldarinnar var sett að veði eignin Skútahraun 7, Hafnarfirði. Samkvæmt viðteknum sjónarmiðum kröfuréttar gildir sú meginregla um skuldaraskipti, að þau geta almennt ekki farið fram, nema til komi samþykki kröfuhafa, og er þá um svonefnda skuldskeytingu að ræða. Ábyrgð stefnda gagnvart stefnanda féll því ekki niður við afsal eignarinnar og viðtöku Austra hf. á skuldinni; til þess þurfti sérstakt samþykki kröfuhafa. Er um það deilt í málinu, hvort fullnægt sé skilyrðum skuldskeytingar að þessu leyti.

Stefndi bar fyrir dómi, að hann hefði snúið sér til stefnanda og farið fram á, að fram færi skuldskeyting eða nafnbreyting á láninu. Vel hafi verið tekið í beiðni sína. Hafi hann farið með afsal eignarinnar í bankann, þar sem m. a. nafn kaupanda hefði verið skráð. Hann hefði hins vegar ekki skrifað undir neina formlega beiðni um skuldskeytingu og ekki skrifað undir nein gögn þar.

Samkvæmt framburði Guðrúnar Jóhönnu Þórðardóttur, forstöðumanns verðbréfadeildar Landsbanka Íslands, er, þegar um nýja lánveitingu er að ræða eins og í því tilviki, sem hér um ræðir, útgefandi bréfsins skráður sem greiðandi og seljandi í tölvukerfi bankans. Samkvæmt framburði hennar er gerður greinarmunur á því, hvort beðið er um nýjan greiðanda að skulda-

bréfi eða hvort um er að ræða beiðni um formleg skuldaraskipti. Sé beið um nýjan greiðanda, er nýr greiðandi skráður í tölvukerfi bankans sem greiðandi, en eftir stendur nafn útgefanda sem seljanda í viðskiptamanna-skrá bankans. Sé hins vegar beið um skuldaraskipti, þurfi til að koma skrifleg, undirrituð beiðni þar að lútandi, sem borin sé undir afgreiðslu-stjórn. Sé slík beiðni samþykkt, sé það skráð á beiðnina, sem verði þá fylgi-skjal með viðkomandi skuldabréfi, og sé hinn nýi skuldari þá skráður í tölvukerfi bankans sem greiðandi og seljandi bréfsins.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn frá stefnanda. Í greiðsluskrá skulda-bréfa er Austri hf. skráður greiðandi umrædds skuldabréfs, en sama skulda-bréf skráð á nafn og kennitölu stefnda í viðskiptamannaskrá. Virðist um-rædd skráning því vera í samræmi við þá framkvæmd, sem vitnið Guðrún Jóhanna Þórðardóttir lýsti.

Samkvæmt framburði stefnda skrifaði hann ekki undir neina formlega beiðni um skuldskeytingu hjá stefnanda. Þá verður ekki talið, að sú stað-reynd, að stefnandi sendi Austra hf. greiðsluseðil, feli í sér samþykki stefn-anda á skuldaraskiptum. Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi því ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi í raun samþykkt skuldaraskipti, og telst því ósannað, að skuldskeyting hafi verið gerð. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina, en tölulegur ágreiningur er ekki í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 220.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Bjarnason, greiði stefnanda, Landsbanka Ís-lands, 935.765,30 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 28. mars 1991 af 1.377.310,30 kr. til 28. október 1992, en af 935.765,30 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 220.000 kr. í máls-kostnað.